



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 1/2016

Auglýsingar Innréttunga og tækja

I.

Erindið

1.

Með bréfi Múrbúðarinnar, dags. 10. desember 2014, barst Neytendastofu kvörtun yfir tilboðsauglýsingum Jensen, Bjarnason og Co ehf., rekstraraðila Innréttunga og tækja. Í bréfinu segir að tilboðs- og afsláttarauglýsingar Innréttunga og tækja undanfarna mánuði brjóti með margvíslegum hætti gegn lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og séu ósanngjarnar gagnvart keppinautum að eftirtöldu leyti:

1. Verðupplýsingar séu ófullnægjandi og villandi. Aðeins eitt verð sé sýnt, þrátt fyrir ákvæði laga um að jafnt beri að sýna afsláttarverð og upprunalegt verð. Ekki sé hægt að sjá hvort átt sé við afsláttarverð eða upprunalegt verð.
2. Sama verð sé sýnt á sömu vörunni mánuðum saman, þrátt fyrir ákvæði um að eftir sex vikur sé útsöluverð orðið að venjulegu verði.
3. Framsetning útsöluauglýsinga fyrirtækisins séu með almennum og óljósum fullyrðingum um 15-40% afslátt og „verð frá“ séu til þess gerð að villa um fyrir neytendum og gera þeim erfitt fyrir við að átta sig á raunverulegu verði eða gera raunhæfan verðsamanburð.
4. Stórlega megi draga í efa að í nokkrum tilfellum hafi um útsölu eða tilboð verið að ræða hjá fyrirtækinu heldur sé alfarið um blekkingar að ræða.

Þann 10. september hafi Innréttingar og tæki auglýst sturtuhorn á 31.500 kr. Rúmlega 11 vikum síðar, þann 3. desember, sé sama sturtuhorn enn auglýst á jólatilboði með 15-40% afslætti, á sama verði og áður. Þessi vara komi einnig fyrir á 31.500 kr. í öðrum auglýsingum.

Framsetning þessara auglýsinga brjóti án nokkurs vafa gegn lögum nr. 57/2005. Múrbúðin krefjist þess að framferði fyrirtækisins verði stöðvað og fyrirtækið beitt viðurlögum.

Með erindinu fylgdu afrit af auglýsingum Innréttunga og tækja á tímabilinu frá 10. september – 3. desember.



II. Málsmeðferð

1.

Erindi Múrbúðarinnar var sent Innréttingum og tækjum til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 19. desember 2015. Í bréfinu var til þess vísað að stofnunin teldi ákvæði 5. gr., 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005 sem og ákvæði reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði, geta átt við um erindið.

Svar barst með bréfi, dags. 12. janúar 2015. Í bréfinu segir að ekki liggi nákvæmlega fyrir af bréfi Neytendastofu hvers vísað sé til eða hvaða ákvæði talið sé að varði brot Innréttinga og tækja. Af þeim sökum sé erfitt að gefa tæmandi eða fullnægjandi svar við erindinu og þess óskað, verði farið fram á frekari skýringar, að Neytendastofa geri fullnægjandi grein fyrir því hvaða atriði það séu sem gerð sé athugasemd við og þá að hvaða leyti.

Í erindi Múrbúðarinnar komi fram fjögur atriði sem lúti öll að upplýsingum í auglýsingum Innréttinga og tækja. Í sambandi við þær auglýsingar sem fylgt hafi erindi Múrbúðarinnar skuli tekið fram að um fullnægjandi verðupplýsingar sé að ræða á þeim vörum sem auglýstar séu til sölu og sérstaklega getið um verð á ákveðnum vörflokkum. Innréttingar og tæki hafi selt þær vörur á auglýstu verði og ekki sé verið að blekkja neytendur með einum eða neinum hætti eða auglýsa verð vörunnar á því verði sem almennt söluverð hafi verið áður. Auglýsingarnar gefi því fullnægjandi upplýsingar til neytandans um verð vörunnar og geri honum kleift að skoða og meta hvort um gott verð sé að ræða miðað við aðrar sambærilegar vörur á markaði. Þá beri að taka fram að ekki sé með auglýsingunum verið að vega að samkeppnisaðilum heldur séu í auglýsingunum mikilvægustu upplýsingar sem þurfi að koma á framfæri við neytendur. Þær séu réttar, fullnægjandi og í samræmi við reglur um viðskiptahætti og markaðssetningu.

Af ofangreindum ástæðum sé mótmælt því sem fram komi í erindi Múrbúðarinnar, að auglýsingar Innréttinga og tækja gefi villandi upplýsingar eða villi um fyrir neytendum. Af gefnu tilefni skuli tekið fram að almennt verð í versluninni sé annað en það verð sem auglýst sé þegar um útsölu sé að ræða, afslátt eða tilboð. Sá verðmunur komi fram og liggi fyrir þegar viðskiptavinur skoði þær vörur sem boðnar séu til sölu og séu á útsölu eða tilboði.

2.

Í bréfi Neytendastofu til Innréttinga og tækja, dags. 29. janúar 201, benti stofnunin á að í lögum nr. 57/2005 sé fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin feli fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða. Í 5. gr. sé lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður



en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fari fram eða þjónusta sé veitt. Hvað teljist til óréttmættra viðskiptahátta sé nánar tilgreint í III.-V. kafla laganna. Í 1. mgr. 8. gr. sé um það fjallað að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóti í bága við góða viðskiptahætti og raski verulega, eða séu líklegir til að raska verulega, fjárhagslegri hegðun neytenda. Í d. lið 1. mgr. 9. gr. komi fram að viðskiptahættir séu villandi ef neytendum séu veittar rangar upplýsingar um verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagræði sé að ræða. Þá sé í 11. gr. laganna um það fjallað að útsölu eða aðra sölu, þar sem selt sé á lækkuðu verði, megi því aðeins auglýsa eða kynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þá segi jafnframt í ákvæðinu að með verðmerkingu skuli þess gætt að greinilegt sé hvert upprunalegt verð vörunnar hafi verið.

Með heimild í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 hafi Neytendastofa sett reglur nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Reglurnar byggji á sjónarmiðum d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005 og komi þar fram skýrari reglur sem seljendum beri að fylgja við útsölur og aðra sölu, þar sem selt sé á lækkuðu verði.

Fyrsta athugasemd Múrbúðarinnar snúi að verðtilgreiningu í auglýsingunum. Eins og fram komi að ofan geri 11. gr. laga nr. 57/2005 kröfu um að fyrra verð komi fram samhliða útsöluverði. Þegar auglýstur sé prósentuafsláttur af vörum skuli tilgreina afsláttarprósentuna auk fyrra verðs, sbr. 4. gr. reglna nr. 366/2008. Í auglýsingum Innrétinga og tækja sé einungis tilgreint eitt verð og sé ekki ljóst af auglýsingunum hvort þar sé um að ræða afsláttarverð eða fyrra verð. Þess skuli jafnframt getið að með ákvörðun Neytendastofu frá 18. maí 2013 hafi stofnunin bannað Jensen, Bjarnason og Co ehf. að kynna eða auglýsa tilboðsvörur án þess að fyrra verð komi fram. Í ljósi þess að á þeim tíma hafi auglýsingum og upplýsingum á heimasíðu félagsins verið breytt, hafi stofnunin þó ekki talið ástæðu til að aðhafast frekar í málinu að svo stöddu.

Önnur athugasemd Múrbúðarinnar snúi að því að sömu vörur hafi verið auglýstar á útsölu „*mánuðum saman*“. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. reglna nr. 366/2008 teljist lækkað verð vera orðið venjulegt verð eftir sex vikur. Neytendastofa fari fram á að stofnuninni verði veittar upplýsingar um það hversu lengi auglýstar vörur hafi verið boðnar á lækkuðu verði þar sem fylgigögn með erindi Múrbúðarinnar gefi tilefni til að ætla að brotið hafi verið gegn ofangreindum ákvæðum laga nr. 57/2005 og reglna nr. 366/2008.

Í þriðju athugasemd Múrbúðarinnar sé því haldið fram að framsetning auglýsinganna sé villandi gagnvart neytendum þar sem þeim sé gert erfitt fyrir að átta sig á raunverulegu verði. Með vísan til fyrri umfjöllunar um ákvæði laga nr. 57/2005 teljist villandi auglýsingar brjóta í bága við góða viðskiptahætti.

Með fjórðu athugasemd sinni leiði Múrbúðin að því líkum að ekki sé um raunverulega verðlækkun að ræða sem myndi fela í sér brot gegn ofangreindum ákvæðum laga nr. 57/2005 sem og ákvæðum reglna nr. 366/2008. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglna nr. 366/2008 skuli



seljandi geta sannað að vara hafi verið seld á tilgreindu fyrra verði. Neytendastofa hafi í mörgum tilfellum farið fram á að seljendur færi sönnur á að vara hafi verið seld á tilgreindu fyrra verði. Megi Innréttingar og tæki búast við að farið verði fram á slíkar sannanir þegar önnur atvik málsins hafi verið skýrð.

Í lok bréfsins er Innréttingum og tækjum veittur frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu.

3.

Ekkert svar barst og var Innréttingum og tækjum veittur lokafrestur til að koma að skýringum eða athugasemdum með bréfi Neytendastofu, dags. 24. febrúar 2015.

Svar barst með bréfi, dags. 12. mars 2015. Í bréfinu er í fyrsta lagi vísað til þess að í kæru Múrbúðarinnar sé fullyrt að í auglýsingum Innréttinga og tækja sé aðeins tilgreint eitt verð og ekki sé ljóst af auglýsingunum hvort þar sé um að ræða afsláttarverð eða ekki. Um þess athugasemdir segir í bréfinu að í þeim auglýsingum sem vísað sé til komi fram að verð á þar tilgreindum hlutum sé frá ákveðinni krónutölu. Af auglýsingunni liggja fyrir að um margar tegundir sé að ræða í viðkomandi vöruflokki og þær upplýsingar sem gefnar séu neytendum séu þær að lægsta verð sé það sem tilgreint sé í auglýsingunni fyrir þann vöruflokk sem um ræði. Auglýsingin sé með yfirskriftinni „útsala“ þar sem fram komi á mynd auglýsingarinnar 12 vörutegundir en aðeins tilgreint lægsta verð sem sé í boði á fimm vöruflokkum. Í því tilviki sem um ræði hafi verið um að ræða útsölu þar sem verð hafi verið lækkað ekki bara á þeim vörum sem nefndar hafi verið sérstaklega, þ.e. baðinnréttingum, handklæðaofnum, blöndunartækjum, sturtuhornum og speglaskápum. Vegna auglýsingarýmis hafi þess ekki verið kostur að koma að fleiri upplýsingum í auglýsingunni eða tíunda nákvæmlega alla vöruflokka sem útsalan hafi tekið til í umrætt sinn.

Upplýsingarnar sem neytendum séu gefnar í viðkomandi auglýsingu séu að seljandi bjóði ákveðnar vörur á útsölu og lægsta verð í hverjum vöruflokki sé það sem tilgreint sé. Af texta í auglýsingunni leiði að neytandinn átti sig á að um margar aðrar vörur sé að ræða í viðkomandi flokki og þær séu langflestar á hærra verði en lægsta verðið sem auglýst sé. Sérstaklega sé þó tilgreint í auglýsingunni í neðanmáli við myndir verð á þeim vörum sem þar séu boðnar til sölu á útsöluverði.

Tekið skuli fram að í versluninni komi fram þegar um útsölur sé að ræða eða tilboð, upprunalegt söluverð og útsölu- eða tilboðsverð.

Í 1. mgr. 2. gr. reglna nr. 366/2008 komi fram að í auglýsingum skuli tekið skýrt fram hvaða vörur eða þjónusta séu á lækkuðu verði. Í auglýsingum Innréttinga og tækja hafi það verið gert þannig að fullnægjandi upplýsingar hafi að því leyti verið gefnar neytendum. Hins vegar hafi verið nokkrar fleiri vörur á útsölu þá daga sem þessi tilgreinda útsala í október 2014 hafi



staðið, sem ekki hafi komið fram í auglýsingunni þar sem ekki hafi verið rými fyrir það. Allar mikilvægar upplýsingar um vöruflokka á útsölnunni hafi komið fram í auglýsingunni.

Í 2. mgr. 2. gr. reglnanna segi að þegar vara hafi verið seld á lækkuðu verði í sex vikur skuli lækkað verð vera venjulegt verð. Útsala hafi verið auglýst í október árið 2014 og hafi ekki staðið lengur en í sex vikur þannig að ekki hafi verið brotið gegn umræddu ákvæði.

Í 8. gr. laga nr. 57/2005 segi að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóti í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og séu líklegir til að raska að verulegu leyti fjárhagslegri hegðun neytenda. Í því tilviki sem hér um ræði þá sé ljóst að þær auglýsingar sem um ræði séu ekki andstæðar góðum viðskiptaháttum og það sé mjög algengt að seljendur auglýsi útsölur eða lækkað verð með þeim hætti sem gert hafi verið í þeim auglýsingum sem hér séu til umfjöllunar.

Þá liggja einnig fyrir að auglýsingarnar séu ekkert annað en upplýsingagjöf til neytenda um verð á nauðsynlegum heimilisvörum. Frekari upplýsingar liggja síðan fyrir í versluninni með fullnægjandi hætti þar sem fram komi mismunur á upprunalegu verði og útsöluverði. Þá megi einnig benda á upplýsingar sem komi fram á netsíðu verslunarinnar um einstakar vörur og verð þeirra. Þannig fullnægi Innréttingar og tæki með góðum hætti upplýsingaskyldu sinni gagnvart neytendum.

Innréttingar og tæki hafi að öllu leyti farið að í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2005 og gefið nauðsynlegar upplýsingar til neytenda. Þær hafi verið að öllu leyti réttar, einfaldar og skýrar. Þær hafi ekki verið villandi eða andstæðar góðum viðskiptaháttum. Það sé því ekki ástæða til viðbragða af hálfu Neytendastofu vegna umræddra auglýsinga.

Vegna ábendinga Neytendastofu muni Innréttingar og tæki í framtíðinni tilgreina upphaflegt verð til aðgreiningar frá útsöluverði.

Í öðru lagi er í bréfinu vísað til athugasemda um að vörur hafi verið auglýstar á útsölu mánuðum saman. Innréttingar og tæki hafi ekki auglýst útsölu á vörum mánuðum saman. Ekki hafi verið um samfellda útsölu að ræða þó að útsala hafi verið á vörum öðru hvoru. Ekki hafi verið um samfellda útsölu að ræða á vörum í meira en sex vikur.

Hins vegar hafi Innréttingar og tæki haft oftast en einu sinni á árinu útsölu á tilteknum vöruflokkum og það sé ekkert athugasemda við það. Þó auglýsingar birtist með ákveðnu millibili um útsölu þá þýði það ekki að útsala hafi staðið allan tímann frá því að fyrsta auglýsingin hafi birst og síðan sé tekin auglýsing löngu síðar sem taki til allt annars tímabils þar sem ekki hafi verið útsala í gangi í ákveðinn tíma.



Innréttingar og tæki hafi ekki verið með samfellda útsölu í sex vikur og hafi farið í einu og öllu að þeim reglum sem gildi um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði nr. 366/2008.

Í þriðja lagi er vikið að athugasemdum um að framsetning auglýsinga sé villandi gagnvart neytendum þar sem erfitt sé að átta sig á raunverulegu verði. Athugasemdum Múrbúðarinnar hvað þetta varði, sé hafnað.

Framsetning auglýsinga sé ekki villandi gagnvart neytendum og það sé ekki erfitt að átta sig á raunverulegu verði. Auglýsing um útsölur sem vísað sé til tilgreini lægsta verð í viðkomandi vöruflokki og allir geti áttað sig á því að það sé ekki verið að auglýsa neitt annað eða fullyrða eitt eða neitt umfram það. Neytendur viti því nákvæmlega hvað sé verið að auglýsa og hvers megi vænta. Það sé ekki verið að beita skrumi eða halda fram kostum á umræddum vörum eða setja fram gylliboð. Auglýsingarnar séu stuttar og hnitmiðaðar og gefi góðar upplýsingar um það sem verið sé að auglýsa.

Annars vegar sé um að ræða auglýsingar þar sem lægsta verð sé tilgreint í auglýsingu og getið um að þeir vöruflokkar séu á útsölu. Ekki fari á milli mála hvað sé verið að auglýsa og þessi auglýsing sé ekki á neinn hátt villandi.

Í annan stað séu auglýsingar þar sem getið sé um tilboðsdaga á sturtuklefum og greint frá verði þeirra í auglýsingunum. Tilboðsdagarnir hafi aðeins staðið í nokkra daga og þá hafi tilboðið runnið út og síðan seinna hafi aftur verið tilboðsdagar og þá hafi það einnig verið auglýst með sama hætti.

Tilboðsdagarnir hafi staðið í takmarkaðan tíma hverju sinni. Ekki hafi verið villt um fyrir neytendum eða þeim gefnar rangar upplýsingar. Allt sem fullyrt hafi verið í auglýsingunni hafi staðist og verið í samræmi við raunveruleikann um það verð og verðlækkun sem netendum hafi verið boðin á tilboðsdögnum.

Þannig liggi fyrir að viðskiptahættir Innréttinga og tækja séu réttmætir og brjótí að engu leyti í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum. Auglýsingarnar sem séu hannaðar á auglýsingastofu séu þeirrar gerðar að þær vekji athygli og það sé ljóst að samkeppnisaðila finnist þær ámælisverðar þó að þær brjótí að engu leyti í bága við góða viðskiptahætti eða geri neytandanum á réttan og fullnægjandi hátt grein fyrir hvað sé í boði.

Það að samkeppnisaðila þyki auglýsingarnar ámælisverðar stafi fyrst og fremst að því að þær séu vel hannaðar en ekki vegna þess að þær brjótí að einu eða neinu leyti á hagsmunum neytenda eða séu andstæðar góðri viðskiptavenju. Þvert á móti séu auglýsingarnar góðar upplýsingar fyrir neytendur um það hvar þeir geti gert góð kaup. Í því sambandi skuli eftirfarandi tekið fram að í fyrsta lagi sé ekki fullyrt annað í auglýsingunum en staðið sé við hvað verði verð eða gæði, í öðru lagi séu sérstakir kostir vöru séu ekki tilgreindir, í þriðja lagi



sé ekki gert lítið úr eða hallmælt vörum samkeppnisaðila eða skírskotað til þess að vörur Innrétinga og tækja séu betri en sambærilegar vörur sem samkeppnisaðilar bjóði upp á og í fjórða, og síðasta lagi, séu auglýsingarnar ekki villandi gagnvart neytendum heldur gefi gott yfirlit yfir það sem sé í boði.

Í fjórða lagi er svarað athugasemdum um að ekki sé um raunverulegar verðlækkunar að ræða. Þessi fullyrðing sé röng og það sé rétt sem fram komi í auglýsingunum. Vilji Neytendastofa fá upplýsingar um verðlækkun á einstökum vörum fyrir útsöludaga og fyrir tilboð þá sé hægt að útvega það. Slík gögn yrðu afhent í trúnaði og ekki afhent samkeppnisaðila eða vísað til við formlega afgreiðslu málsins ef til komi nema sem viðbótargagna án tilgreiningar hvað í þeim sé að finna annað en þær staðreyndir sem raktar séu í bréfinu.

Innrétingar og tæki hafi auglýst raunveruleg tilboð og raunverulega útsölu og ekkert liggi fyrir sem hnekki þeirri staðhæfingu. Ofangreindri staðhæfingu Múrbúðarinnar um að ekki hafi verið um raunverulegar verðlækkunar að ræða sé því mótmælt sem rangri.

Fyrir liggi að Innrétingar og tæki selji góðar vörur ódýrt og það skipti neytendum mestu máli. Á fyrstu vetrarmánuðum 2014 hafi þurft að rýma til fyrir nýjum vörum og því hafi verið um útsölu og tilboðsdaga að ræða. Þetta hafi verið gert til að auðvelda það að taka inn vörur í tæka tíð fyrir jólasölu og til þess að vera ekki með of mikinn lager af vörum, sem hefði verið um að ræða þar sem jólavörur hafi verið teknar inn ef ekki hefði verið selt töluvert mikið áður en til þess hafi komið af lager verslunarinnar.

Neytendum hafi notið þess að Innrétingar tæki hafi lækkað verð á útsölum og tilboðsdögum. Innrétingar og tæki hafi ekki brotið gegn góðum viðskiptaháttum með því. Þvert á móti hafi neytendum notið þeirrar verðlækkunar sem um hafi verið að ræða.

4.

Með bréfi Neytendastofu til Innrétinga og tækja, dags. 1. apríl 2015, fór stofnunin fram á að Innrétingar og tæki veitti stofnuninni upplýsingar um það hversu lengi auglýstar vörur hafi verið boðnar á lækkuðu verði sem og upplýsingar um það á hvaða verði vörurnar hafi verið boðnar neytendum til kaups þess á milli. Í bréfinu var tekið fram að ef um væri að ræða upplýsingar sem njóta skyldu trúnaðar skv. 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 yrðu þær ekki afhentar Múrbúðinni eða öðrum.

Með tölvubréfum Innrétinga og tækja, dags. 22. apríl 2015, voru Neytendastofu sendar upplýsingar um fyrri verð á auglýstum vörum.

Í bréfi Neytendastofu til Innrétinga og tækja, dags. 1. júní 2015, var til þess vísað að stofnunin hafi með bréfi, dags. 1. apríl 2015, farið fram á að stofnuninni yrðu veittar upplýsingar um það hversu lengi auglýstar vörur hafi verið boðnar á lækkuðu verði sem og upplýsingar um það á hvaða verði vörurnar hafi verið boðnar neytendum þess á milli. Svar hafi



borist stofnuninni með tölvubréfum, dags. 22. apríl 2015. Með tölvubréfi Neytendastofu, dags. 27. apríl 2015, hafi stofnunin bent á að með skýringum Innréttunga og tækja hafi ekki borist upplýsingar um það hversu lengi umræddar vörur hafi verið boðnar á lækkuðu verði. Stofnuninni hafi verið tilkynnt með tölvubréfi þann sama dag að þeirra upplýsinga yrði aflað. Engin frekari gögn eða skýringar hafi borist. Var því með bréfinu ítrekuð krafa um frekari upplýsingar.

Svar Innréttunga og tækja barst með bréfi, dags. 6. júlí 2015. Í bréfinu eru tilgreind fyrri verð á þeim vörum sem birtast í auglýsingum félagsins og liggja til grundvallar í málinu auk þess sem fram kemur tilboðsverð eða afsláttur hafi almennt staðið í viku, stundum skemur en ekki lengur.

5.

Skýringar Innréttunga og tækja voru sendar Múrbúðinni með bréfi Neytendastofu, dags. 13. ágúst 2015, og félaginu gefinn kostur á að koma að athugasemdum, teldi það þörf á.

Svar Múrbúðarinnar barst með bréfi, dags. 26. ágúst 2015, þar sem tekur upp tilvitnanir úr svarbréfum Innréttunga og tækja og komið á framfæri athugasemdum við þær.

Í bréfi Innréttunga og tækja, dags. 12. mars 2015, hafi komið fram að auglýsingin sé með yfirskriftinni útsala þar sem fram komi á mynd 12 vörutegundir en aðeins sé tilgreint lægsta verð sem í boði sé á fimm vöruflokkum. Af hálfu Múrbúðarinnar er bent á að óljóst sé til hvaða auglýsinga vísað sé en ef gengið sé út frá því að átt sé við fyrstu auglýsinguna þá sé þetta rangt. T.d. í tilviki sturtuklefans þá sé vísað í ákveðið vörunúmer sem sé á myndinni. Þarna sé því verið að upplýsa um lægsta verð í ákveðnum vöruflokki heldur um verð á þessum ákveðna sturtuklefa án þess að vísað sé í fyrra verð eins og skylt sé skv. 11. gr. laga nr. 57/2005.

Um skýringar Innréttunga og tækja þess efnis að vegna auglýsingarýmis hafi ekki verið kostur á að koma fleiri upplýsingum að í auglýsingunum, segir í bréfi Múrbúðarinnar að í fyrsta lagi sé nóg pláss í auglýsingunni til að auglýsa fyrra verð. Sumar auglýsingastofur skrifi t.d. „verð áður“ og „verð nú“ með stórum stöfum yfir viðkomandi hluti til að leggja áherslu á hvað hluturinn lækki mikið. Í öðru lagi þá beri samkvæmt lögum að tilgreina bæði verð áður og verð nú.

Í bréfi Innréttunga og tækja hafi m.a. sagt „*Af texta í auglýsingunni leiðir að neytandinn áttar sig [...]*“. Múrbúðin bendi á að lög nr. 57/2005 hafi m.a. verið sett til þess að neytendur þyrftu ekki að átta sig á hlutunum heldur hefðu aðgang að réttum upplýsingum. Einn af hornsteinum þessara laga varðandi útsölu, tilboð, lækkuð verð o.fl. sé að það sé bannað að auglýsa verðhagræði án þess að taka fram verð áður og verð nú. Í bréfinu er sama athugasemd gerð við þær skýringar Innréttunga og tækja að fullnægjandi upplýsingar hafi verið gefnar neytendum.



Um skýringar Innréttunga og tækja að útsala eða lækkað verð hafi ekki staðið lengur en í sex vikur segir að fyrsta útsöluauglýsingin hafi birst í Fréttablaðinu þann 10. september 2014. Frá 3. október 2014 séu síðan auglýstir tilboðsdagar. Hvort vísvitandi sé verið að blekkja Neytendastofu eða hvort um mistök sé að ræða geti Múrbúðin ekki vitað en bæði í erindi Múrbúðarinnar og í svari Innréttunga og tækja komi fram að fyrsta auglýsingin sé birt 10. september 2014. Lagt sé til að Neytendastofa kanni þetta sérstaklega. Það hljóti að vera krafa stofnunarinnar að aðilar máls greini rétt frá í bréfum sínum.

Varðandi efnisatriði fullyrðingarinnar þá liggi fyrir að auglýsingarnar sem um ræði hafi birst í eftirfarandi röð: 10. og 24. september hafi verið auglýst útsala og 3. október og 17. október hafi verið auglýstir tilboðsdagar í beinu framhaldi af útsölu auglýsingunni. Síðan sé birt nákvæmlega sama tilboðsauglýsingin þann 3. desember með nákvæmlega sömu vörum og verðum en heiti þá Jóltilboð. Sami sturtuklefi sé auglýstur í öllum þessum auglýsingum. Allt tal um að hver sturtuklefi tákni vöruflokk sé bull. Þetta sé sami klefinn á sama verðinu sem sé auglýstur á tilboðum eða útsölu a.m.k. frá 10. september til 17. október og síðan aftur frá 3. desember. Hver auglýsing hafi viku gildistíma þannig að þessi klefi sé sannanlega auglýstur á tilboðum og útsölu í meira en sex vikur.

Engin þessara auglýsinga tiltaki einhverjar takmarkanir á hvaða tímabil viðkomandi útsala eða tilboðsdagar standi þannig að eina leiðin fyrir Neytendastofu til að fá fram sannleikann í málinu sé að krefjast sölugagna úr sölukerfi Innréttunga og tækja fyrir þessar auglýstu vörur á þessu tímabili. Það ætti að koma fram hvort t.d. sturtuklefinn HTJS-5 hafi nokkurn tíman verið seldur á 45.150 kr. á þessu tímabili.

Í bréfi Innréttunga og tækja hafi komið fram að mjög algengt sé að seljendur auglýsi útsölur eða lækkað verð með þeim hætti sem gert sé í auglýsingum Innréttunga og tækja. Múrbúðin bendi á að sú staðreynd hafi ekki áhrif á brotið. Það tákni einungis að eftirlitsaðilinn, Neytendastofa, verði að taka af skarið með krafti og stoppa svona auglýsingar. Lögin séu skýr. Ef auglýst sé útsala eða tilboð og verðin birt, þá verði að auglýsa verð áður og verð nú. Allt annað sé ólöglegt. Annað í bréfi Innréttunga og tækja sé í sama stíl.

Þá eru gerðar athugasemdir við að Neytendastofa taki málið ekki fastari tókum þar sem samkvæmt bréfi stofnunarinnar hafi hún áður tekið ákvörðun um sambærilega viðskiptahætti Innréttunga og tækja.

Í bréfi Múrbúðarinnar eru einnig gerðar athugasemdir við bréf Innréttunga og tækja frá 6. júlí 2015. Með því bréfi hafi Neytendastofu verið sendur hluti af umræddum auglýsingum og handskrifað inná þær hvað verðið hafi verið áður til að sýna fram á að einhver afsláttur hafi verið gefinn. Ekki sé hægt að líta á þessi handskrifuðu verð sem sönnun fyrir upphaflega verðinu nema sölugögn úr sölukerfi Innréttunga og tækja fylgi.



Varðandi einstök atriði í bréfi Innréttinga og tækja sé rétt að benda á að þar sé tekið fram og ítrekað að tilboðsverð eða afsláttur hafi almennt staðið í viku og ekki lengur. Um þetta segir að fyrsta auglýsingin hafi birst 10. september og eigi því að gilda til og með 17. september. Næsta auglýsing sé birt 24. september. Ætli Innréttingar og tæki að halda því fram að auglýst hafi verið útsala í viku, tekur niður allar merkingar og selt á fullu verði í viku, þá aftur settar upp allar merkingar og verð lækkað með nýrri útsölu á sömu vörum þá sé eitthvað að. Neytendastofa hljóti að krefjast gagna úr sölukerfum fyrirtækisins.

Þann 3. október hafi birst fyrsta tilboðsdaga auglýsingin eða viku og tveim dögum eftir auglýsinguna frá 24. september. Ótrúverðugt sé að vörurnar hafi verið boðnar til sölu á fullu verði á því tímabili. Síðan hafi sama auglýsing um tilboðsdaga birst aftur 8. október og í samfellu við auglýsingu frá 3. október. Þessi sama auglýsing hafi birst einu sinni í viðbót, þó þess sé ekki getið í svörum Innréttinga og tækja. Þann 17. október hafi þessi sama auglýsing birst í Fréttablaðinu. Það verði því ekki betur séð en að í samfellu hafi að minnsta kosti einn ákveðinn sturtuklefi, þ.e. HTJS-5, og sennilega fleiri vörur, verið auglýst á útsölu eða tilboði sem hafi gilt frá 9. september a.m.k. til 24. október sem séu rúmar sex vikur.

Í báðum svarbréfum Innréttinga og tækja séu áberandi staðreyndavillur sem þurfi að staldra við. Í fyrra bréfinu sé bara talað um útsölu í október en ekki í september en það komi skýrt fram í erindi Múrbúðarinnar um hvaða tímabil hafi verið að ræða. Í seinna bréfinu gleymist að nefna síðustu auglýsinguna. Þegar auglýsingar um jólatilboðsdaga hafi birst þann 3. desember hefði verið á títt nefndum sturtuklefa sem búið var að auglýsa samfellt í rúmlega sex vikur átt að vera hið eiginlega verð klefans og því óheimilt að auglýsa það sem tilboðsverð. Málið sé mjög skýrt og um sé að ræða sambærilegt brot og ákvörðun Neytendastofu í maí 2012 hafi snúið að.

6.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 12. október 2015, var Innréttingum og tækjum sent bréf Múrbúðarinnar til umsagnar.

Neytendastofu barst tölvubréf frá Múrbúðinni, dags. 20. október 2015, þar sem komið var að athugasemdum við nýja auglýsingu Innréttinga og tækja. Snéri athugasemdin að því að í auglýsingu félagsins væri m.a. birt mynd af sturtuhorni og tilgreint „Verð frá“ samhliða myndinni. Um væri að ræða mynd af mun dýrari vöru heldur en uppgafið „Verð frá“ enda væri á myndinni um að ræða sturtuhorn með botni en verðið ætti við sturtuhorn án botns.

Tölvubréfið var sent Innréttingum og tækjum til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 22. október 2015, og um leið framlengdur frestur til að koma að athugasemdum skv. fyrra bréfi Neytendastofu.

Þann 22. október 2015 barst Neytendastofu svar Innréttinga og tækja við athugasemdum Múrbúðarinnar frá 26. ágúst 2015. Þar segir m.a. að erindi Múrbúðarinnar lúti að mjög



takmörkuðu og afmörkuðu atriði sem hafi sáralitla þýðingu fyrir markaðsstarfsemi á þeim vörutegundum sem um ræði í heild sinni. Það verði því að skoða það í sambandi við málið að þýðing þess að Innréttingar og tæki hafi auglýst lækkað verð og útsölur hafi verið um takmarkaðan tíma og haft lítil áhrif á markaðinn fyrir þær vörur sem um hafi verið að ræða aðra en þá að neytendur fengju vörur á betri kjörum en þeir höfðu áður átt kost á hjá versluninni. Þeirri staðhæfingu Múrbúðarinnar að Innréttingar og tæki hafi með þessari þjónustu við neytendur brotið lög sé mótmælt sem rangri og tilhæfulausri

Neytendastofu hafi verið gerð grein fyrir þeim auglýsingum sem birst hafi og lögð fram fullnægjandi gögn hvað það varði. Í bréfi Múrbúðarinnar komi engar nýjar upplýsinga fram eða annað sem máli skipti fyrir útslit málsins. Vísað sé til þeirra sjónarmiða og málsástæðna sem þegar hafi verið settar fram varðandi þau atriði á fyrri stigum málsins.

Í bréfi Múrbúðarinnar komi fram athugasemdir vegna þess að ekki sé talað um útsölu í auglýsingu sem birtist þann 17. október 2014. Það breyti í engu eðli þessa máls og breyti engu um það að Innréttingar og tæki fóru að lögum hvað varði útsölur og sérverð til neytenda og auglýsingar í því sambandi að öllu leyti sem máli skipti.

Að gefnu tilefni skuli tekið fram að Innréttingar og tæki hafi boðið fram alla aðstoð og upplýsingar við að upplýsinga málið telji Neytendastofa að eitthvað orki tvímælis.

Ítrekað sé að farið hafi verið í hvívetna að þeim lögum sem gilda um markaðssetningu á þeim vörum sem félagið selji og hafi sjálft viðurkennt það sem ábótavant hafi verið og gert ráðstafanir vegna þeirra lítilfjörlegu atriða sem um ræði í erindi Múrbúðarinnar.

7.

Með bréfum Neytendastofu, dags. 23. nóvember 2015, var aðilum málsins tilkynnt um lok gagnaöflunar þar sem stofnuninni hafi ekki borist nein frekari svör frá Innréttingum og tækjum. Var Múrbúðinni sent til upplýsingar afrit af tölvubréfi Innréttinga og tækja, dags. 22. október 2015. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar kvörtun Múrbúðarinnar ehf. yfir auglýsingum Jensen, Bjarnason og Co ehf., rekstraraðila Innréttinga og tækja. Kvörtunin snýr að auglýsingum um tilboð og útsölur á vörum í verslun Innréttinga og tækja sem Múrbúðin telur brjóta gegn ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og reglum nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði, þar sem í fyrsta lagi skorti upplýsinga um fyrra verð þeirra vara sem kynntar eru í auglýsingunum, í öðru lagi gefi fjöldi og tímabil



auglýsinganna tilefni til að ætla að vörurnar hafi verið boðnar á lækkuðu verði í lengri tíma en sex vikur og í þriðja lagi séu myndbirtingar samhliða tilgreiningu „verð frá“ í auglýsingunum villandi þar sem t.a.m. sé birt mynd af sturtuhorni með botni og birt „verð frá“ á sturtuhorni án botns.

Innréttingar og tæki hafa hafnað því að brotið hafi verið gegn lögum nr. 57/2005 eða reglum nr. 366/2008. Allar nauðsynlegar upplýsingar hafi komið fram í auglýsingunum en þær lítilfjörlegu athugasemdir sem tilefni hafi verið til að taka tillit til hafi verið leiðréttar í auglýsingunum, að eigin frumkvæði verslunarinnar. Hver auglýsing hafi almennt haft viku gildistíma og því sé alfarið hafnað að vörurnar hafi verið boðnar á lækkuðu verði í lengri tíma en sex vikur.

2.

Í gögnum málsins hefur verið vísað til ákvæða 5. gr., 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005 auk þess sem vísað hefur verið með almennum hætti til reglna nr. 366/2008 samhliða sérstakri vísun til 2. gr., 3. gr. og 4. gr. reglnanna.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er skv. ákvæðinu nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Í 1. mgr. 8. gr. laganna segir:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Í d. lið 1. mgr. 9. gr. laganna sem er í III. kafla þeirra segir:

„Viðskiptahættir eru villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur eða eru með þeim hætti að neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Hér er átt við rangar upplýsingar um:[...]

d. verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum“

Ákvæði 11. gr. laganna sem er í III. kafla þeirra er svohljóðandi:

„Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.“



Í reglum nr. 366/2008 eru að finna nánari útfærslur á þeim grundvallarsjónarmiðum sem um verðlækkunar gilda og koma fram í ofangreindum ákvæðum laga nr. 57/2005. Þannig segir t.a.m. í 2. mgr. 2. gr. reglnanna:

„Þegar vara eða þjónusta hefur verið seld á lækkuðu verði í sex vikur skal lækkað verð vera venjulegt verð.“

Þá er í 1. mgr. 3. gr. um það fjallað að fyrra verð skuli vera það verð sem varan eða þjónustan var seld á áður en til verðlækkunar kom og í 2. mgr. 3. gr. kveðið á um það að seljandi skuli geta sannað að vara eða þjónusta hafi verið seld á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð.

Að lokum má í þessu samhengi nefna að samkvæmt 4. gr. reglnanna skal prósentuafsláttur reiknast frá fyrra verði, þegar slíkur afsláttur er kynntur. Þá skal taka fram hvert prósentuhlutfall lækkunarinnar er og tilgreina skýrt fyrra verð.

3.

Eins og fram hefur komið eru athugasemdir Múrbúðarinnar þríþættar: í fyrsta lagi að upplýsingar skorti um fyrra verð þeirra vara sem kynntar eru í auglýsingum Innrétinga og tækja, í öðru lagi að fjöldi og tímabil auglýsinga gefi tilefni til að ætla að vörurnar hafi verið boðnar á lækkuðu verði í lengri tíma en sex vikur og í þriðja lagi að myndbirtingar samhliða tilgreiningu „verð frá“ í auglýsingunum sé villandi þar sem t.a.m. sé birt mynd af sturtuhorni með botni og birt „verð frá“ á sturtuhorni án botns.

Í málinu hafa verið lagðar fram auglýsingar þar sem kynnt er annars vegar útsala og hins vegar tilboðsdagar á ýmsum vörum. Í útsölu auglýsingunum eru nefndir nokkrir vöruflokkar og tilgreint „verð frá“ fyrir hvern vöruflokk. Í auglýsingum um tilboð á sturtuklefum eru birtar myndir af nokkrum vörum og verð þeirra tilgreint auk þess sem fram kemur að veittur sé 15-40% afsláttur. Í svörum Innrétinga og tækja hefur komið fram að tilgreind verð séu afsláttarverð. Eins og að framan greinir hvílir afdráttarlaus skylda á seljendum þegar þeir kynna útsölu, eða aðra sambærilega verðlækkun, að greina frá venjulegu verði samhliða hinu lækkaða verði eða prósentuafslætti lækkunarinnar. Fyrir liggur að í auglýsingum Innrétinga og tækja var slíkt ekki gert enda ýmist tilgreint eingöngu hið lækkaða verð eða hið lækkaða verð og prósentuhlutfall lækkunarinnar. Slík framsetning auglýsinga Innrétinga og tækja felur því í sér brot gegn 11. gr. laga nr. 57/2005 auk þess að veita neytendum villandi upplýsingar um verðið og brjóta þannig gegn d. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. og 8. gr., sömu laga.

Af gögnum málsins er ljóst að auglýst var almenn útsala með blaðaauglýsingum 10. og 24. september 2014. Í auglýsingunum kemur ekki fram gildistími útsölnnar. Þá voru auglýstir tilboðsdagar á sturtuklefum með blaðaauglýsingum 3., 8. og 17. október og aftur 3. desember 2014. Í auglýsingunum kemur ekki fram gildistími tilboðsdaganna. Lagðar hafa verið fram auglýsingar frá 5. og 19. nóvember 2014 en þar er ekkert sem gefur til kynna sérstaka verðlækkun. Í svörum Innrétinga og tækja hefur komið fram að almennt gildi tilboðsdagar í



eina viku en stundum skemur. Þrátt fyrir ítrekaðar kröfur Neytendastofu hafa Innréttingar og tæki ekki veitt stofnuninni ítarlegri upplýsingar um tímabil tilboða. Af þeim sökum verður að ganga út frá því að gildistími hvernar auglýsingar sé ekki styttri en ein vika. Að því virtu liggur fyrir að sturtuklefar voru boðnir með lækkuðu verði á tímabilinu frá 10. september, þegar fyrri útsöluauglýsingin birtist, til 24. október, sem er viku eftir birtingu síðustu auglýsingarinnar, eða í sex vikur og tvo daga. Innréttingar og tæki hefur þannig brotið gegn 2. mgr. 2. gr. reglna nr. 366/2008. Telur Neytendastofa að með brotinu séu neytendum jafnframt veittar villandi upplýsingar um verðhagræðið og er því um að ræða brot gegn d. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. og 8. gr., laga nr. 57/2005.

Í auglýsingu Innréttinga og tækja sem birtist þann 17. október 2015, og Múrbúðin kvartaði jafnframt yfir, var kynntur afsláttur af vörum í versluninni og gefin verðdæmi í nokkrum vöruflokkum með framsetningunni „verð frá“. Þá var samhliða hverjum auglýstum vöruflokki birt mynd af einni vöru. Í athugasemdum Múrbúðarinnar var bent á að í tilviki sturtuhorna var í auglýsingunni birt mynd af sturtuhorni með botni en kynnt „verð frá“ á sturtuhorni án botns. Þannig hafi „verð frá“ í auglýsingunni verið tilgreint 20.649 kr. en verð á því sturtuhorni sem birt hafi verið mynd af í auglýsingunni sé 39.300 kr. á tilboðinu. Neytendastofa telur framsetningu í auglýsingu Innréttinga og tækja vera til þess fallna að blekkja neytendur og hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti enda er ekkert í auglýsingunni sem gefur neytendum tilefni til að ætla að birt verð eigi ekki við um þá vöru sem sýnd er samhliða verðinu. Þannig fær stofnunin ekki séð að orðalagið „verð frá“ gefi neytendum þá hugmynd að umrædd vara sé ekki á tilgreindu verði. Þannig er að mati stofnunarinnar um að ræða brot gegn d. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. og 8. gr., laga nr. 57/2005.

4.

Með vísan til ofangreinds hafa Innréttingar og tæki brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 með þrífættum hætti. Brotið hefur verið gegn d. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. og 8. gr., og 11. gr. laga nr. 57/2005 með birtingu auglýsinga um verðhagræði án þess að fyrri verðs sé getið. Félagið hefur jafnframt brotið gegn ákvæðum d. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. og 8. gr., laga nr. 57/2005 sem og 2. mgr. 2. gr. reglna nr. 366/2008 með því að kynna lækkað verð á sturtuklefum í lengri tíma en sex vikur. Þá hafa Innréttingar og tæki brotið gegn d. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. og 8. gr., laga nr. 57/2005 með villandi framsetningu í auglýsingum sínum þar sem auglýst verð á ekki við um þá vöru sem birt er mynd af samhliða verðinu.

Neytendastofa tók ákvörðun vegna sambærilegra viðskiptahátta Innréttinga og tækja þann 18. maí 2013 þar sem félagið birti tilboðsauglýsingar án fyrri verðs. Með vísan til framangreinds hefur félagið brotið gegn þeirra ákvörðun Neytendastofu þar sem lagt var bann við viðskiptaháttunum. Ekki var talið tilefni til frekari aðgerða Neytendastofu á þeim tíma þar sem auglýsingum félagsins hafði verið breytt.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. II. – V.



kafla laganna. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið telur Neytendastofa að leggja verði á sekt í samræmi við heimildir laga.

Með vísan til alls framangreinds og að teknu tilliti til skýringa fyrirtækisins, umfangs brotsins, fyrri sektarákvarðana stofnunarinnar og að teknu tilliti til meðalhófs- og jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga telur Neytendastofa rétt að leggja á Jensen, Bjarnason og Co ehf., rekstraraðila Innréttinga og tækja, stjórnvaldssekt að fjárhæð 150.000 kr. (hundraðogfimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Jensen, Bjarnason og Co ehf., Ármúla 31, Reykjavík, rekstraraðili Innréttinga og tækja, hefur með birtingu útsölu og tilboðsauglýsinga án þess að tilgreina fyrra verð brotið gegn ákvæðum 5. gr., 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Jensen, Bjarnason og Co ehf. hefur með því að kynna lækkað verð á sturtuklefum í lengri tíma en sex vikur brotið gegn 5. gr., 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og 2. mgr. 2. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Jensen, Bjarnason og Co ehf. hefur með villandi framsetningu í auglýsingum sínum þar sem auglýst verð á ekki við um þá vöru sem birt er mynd af samhliða verðinu brotið gegn 5. gr., 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með heimild í a. og b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Jensen, Bjarnason og Co ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 150.000 kr. (hundraðogfimmtíuþúsundkrónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 20. janúar 2016

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir